

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 3. júlí 2019, kl. 13:00, að Borgartúni 30.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Árni Steinar Stefánsson, Björn Snæbjörnsson og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir. Frá SNS mættu Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá stéttarfélagi. Veikindaréttur vegan árstíðabundinna starfa - 1906019SA

Í júnímánuði ár hvert er gerð stórhreingerning í grunnskóla. Skólaliðar í föstu starfi framkvæma hreingerninguna og hafa þeir val um hvort þeir taki þátt í henni eða ekki. Sömu starfsmenn hafa tekið verkið að sér undanfarin ár og fengið greitt fyrir það sérstaklega, enda utan starfslýsingar starfa þeirra. Einn af þessum starfsmönnum var búin að skrá sig í verkefnið en var veikur þegar kom að framkvæmd hreingerningarinnar.

Krafa stéttarfélagsins er sú að starfsmaðurinn eigi að fá veikindarétt greiddan eins og hann hefði unnið verkið. Viðurkennt er að þó að starfsmaðurinn hafi tekið verkið að sér árlega en að það sé ekki hluti af mánaðarlegri eða árlegri vinnuskyldu hans. Stéttarfélagið fer fram á að starfsmaðurinn fái það launatap greitt er hann varð fyrir er hreingerningin fór fram.

Niðurstaða:

Verkefnið sem hér um ræðir telst tilfallandi yfirvinna þar sem það er utan skilgreindrar vinnuskyldu starfsmannsins. Hann á því ekki rétt til launa í veikindum í þessu tilviki.

Fulltrúar SGS benda á að æskilegt sé að árstíðarbundin störf komi fram í starfslýsingu eða ráðningarsamningi.

2. Erindi frá stéttarfélagi. Mat á námi tengdu starfi sbr. Gr. 10.2.5 – 1906020SA

Óskað er eftir að samstarfsnefndin skoði meðfylgjandi gögn og meti hvort umrætt nám sé til þess fallið að hækka samkvæmt gr. 10.2.5.

Niðurstaða:

Eftir að hafa yfirfarið innihald námsins verður að telja að námið tengist starfi hans að einhverju leyti þó að ekki sé um háskólastarf að ræða. Ósk stéttarfélagsins er því samþykkt og hækkar persónuálag starfsmannsins um 4% frá og með 1. júní 2019.

3. Erindi frá stéttarfélagi. Túlkun á rétti starfsmanns til persónuálags – 1906021SA

Stéttarfélag og sveitarfélag greina á um túlkun greinar 1.4.1 í kjarasamningi SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar segir að við útreikning tímakaups skuli starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun.

Fulltrúar bæjarins halda því fram að starfsaldur sé eingöngu metin ef um er að ræða starf sem er 20% eða hærra starfshlutfall. Einnig er því haldið fram að yfirvinna telji ekki til starfsaldurs þrátt fyrir að hlutfall hennar sé umfram 20%.

Niðurstaða:

Ákvæði kjarasamninga taka ekki á þessu máli. SNS leggur til að málið verði rætt til niðurstöðu í yfirstandandi kjaraviðræðum.

4. Erindi frá stéttarfélagi. Samkomulag um akstur félagsmanna til og frá vinnu

Starfsmaður er ráðinn til starfa á sambýli, sem er 61 km frá heimili viðkomandi. Samkvæmt gr. 5.7.7.1 skal semja við viðkomandi stéttarfélög um greiðslu ferðakostnaðar og ferðatíma starfsmanna sem ekki búa á staðnum. Ekki var gerður samningur um ferðakostnað og ferðatíma heldur starfsmanni séð fyrir ferðum á vinnustað. Í einhverjum tilvikum varð misbrestur á því og því fer stéttarfélagið fram á að starfsmanninum verði greitt fyrir þær ferðir.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélagsins að ganga til samninga við starfsmanninn um lausn málsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.